

Úttekt á skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings

Miðstöð skólapróunar við Háskólann á Akureyri, kt. 520687-1229 og Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs. kt. 650169-4849 gera með sér eftirfarandi verksamning um úttekt á starfsemi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Verkefnislýsing

Verkefnið skiptist í tvo meginþætti: a) almenna úttekt á stjórnskipulagi, samskipta- og boðleiðum byggðasamlagsins, b) úttekt á verklagi og árangri skóla- og velferðarþjónustu.

Vinnulag við úttekt

- Greining á fyrirliggjandi gögnum um þjónustuna.
- Viðtöl við stjórn (byggðasamlagsins) og stjórnendur, lykilstarfsmenn og samstarfsaðila.
- Rýnihópaviðtöl við starfsfólk þjónustunnar og samstarfsaðila, s.s. skólastjórnendur og kennara í leik- og grunnskólum.

Styrkleikar og tækifæri til þróunar

Í öllum tilvikum snýst vinnan um að draga fram styrkleika en einnig tækifæri til þróunar eða breytinga sem talið er að styrki og efli þjónustuna.

Almennt

Hvernig er byggðasamlagið að sinna hlutverki sínu?

Hvernig eru samskipti og boðleiðir:

- innan byggðasamlagsins?
- við íbúa og stofnanir sem byggðasamlaginu er ætlað að þjónusta?
- milli byggðasamlagsins og aðildarsveitarfélaganna?

Hvernig styður stjórnskipulag byggðasamlagsins við hlutverk þess?

Hvernig hefur gengið að manna þjónustuna og hvert er álagið á starfsfólk og stjórnendur?

Hver eru launakjör starfsfólks í þjónustunni og eru þau að mati starfsfólks sambærileg við það sem almennt gerist í hliðstæðum störfum og hafa þau áhrif á ráðningar og starfsmannaveltu?

Hvernig er fjármögnun byggðasamlagsins og einstakra þjónustuþátta háttáð?

Hvernig hefur gengið að innleiða farsældina í skóla- og velferðarþjónustuna og hver er staða innleiðingarinnar nú?

Skipulag, stefna og forysta sveitarfélaganna um þjónustuna

Hér er leitað svara við matsspurningum um:

1. skipulag og verklag þjónustukerfanna innan byggðasamlagsins og hversu vel hagsmunaaðilar telja að það nýtist til að þjónustan standi undir lögbundnum hlutverkum sínum,
2. stefnu sveitarfélaganna um málefni þjónustunnar.
3. mat hagsmunaaðilanna á skilvirkni þjónustunnar.
4. staðsetning þjónustunnar, hvaða kostir eru til staðar og hver eru áhrif þeirra?

Þjónustustefna

Hér er leitað svara við matsspurningum um hvernig byggðasamlagið og einstaka deildir skilgreina hlutverk sitt og starfsemi og hvernig þjónustustefna og skipulag (t.d. samsetning starfsmannahópsins og starfslýsingar) endurspeglar lögbundin viðfangsefni.

Starfshættir skólaþjónustu

Matsspurningar

1. Með hvaða hætti vinnur skólaþjónustan að því að efla skóla sem faglegar stofnanir?
 - a. Hvert er frumkvæði þjónustunnar og áhersla í starfinu á stuðning við einstaka kennara, kennarahópa, starfsþróun og stuðning við þróunarstarf?
 - b. Að hvaða marki er frumkvæði þjónustunnar að ráðgjöf og þróunarstarfi tengt brýnum og mikilvægum viðfangsefnum í menntakerfinu, svo sem menntun fyrir alla og vísbendingum frá niðurstöðum PISA og samræmdra prófa?
 - c. Hver er áherslan í starfinu á skimanir, greiningar, ráðgjöf og úrræði tengd málefnum einstakra nemenda. Hvernig er greiningum fylgt eftir með ráðgjöf til nemenda, kennara og foreldra?
2. Hver er sýnileiki skólaþjónustunnar og hvernig er aðgengi að henni?
3. Hvaða fræðslu eða stuðnings geta foreldrar vænst af hálfu skólaþjónustunnar?
4. Hvernig er samstarfi skólaþjónustu, félagsþjónustu, barnaverndaryfirvalda og heilbrigðisþjónustu háttað?
5. Hvaða reglur hafa verið settar um þjónustuna og hvernig þjóna þær tilgangi sínum.
6. Hver er málalunginginn í þjónustunni og hvernig dreifist hann á milli starfsmanna?
7. Hvert er frumkvæði skólaþjónustunnar að stuðningi við skólana við börn og foreldra af erlendum uppruna?
8. Hvernig er innra eftirliti með gæðum þjónustu háttað?

Starfshættir félagsþjónustu

Matsspurningar

1. Hvaða reglur hafa verið settar um þjónustuna og hvernig þjóna þær tilgangi sínum?
2. Hver er málalunginginn í þjónustunni og hvernig dreifist hann á milli starfsmanna?
3. Hvert er frumkvæði félagsþjónustunnar að gagnvart íbúum af erlendum uppruna og öðrum hópum sem kunn að standa höllum fæti í félagslegu tilliti?
4. Eru upplýsingar um félagslega þjónustu í boði og réttindi sýnilegar og aðgengilegar?
5. Hvert er verklagið í barnaverndarmálum, málafjöldi, málalungi og afdrif mála.
6. Hvernig er samstarfi félagsþjónustu við skóla og önnur þjónustukerfi háttað?
7. Hvaða þáttum þjónustunnar er mest eftirspurn eftir og hvernig er þeirri eftirspurn mætt?
8. Er félagsþjónustan búin þeim auðlindum sem hún þarf til að veita lögbundna þjónustu? Er t.d. framboð af félagslegu húsnæði nægjanlegt, möguleikar á ráðningu liðveitenda og stuðningsfjölskyldna fyrir hendi?
9. Hver er kostnaður við leiðveislu og stuðningsfjölskyldur og hvernig hefur hann þróast; hvernig er þessi kostnaður í samanburði við hliðstæð sveitarfélög?
10. Hvaða áskoranir eru helstar í þjónustunni og hvernig hefur verið brugðist við þeim eða er áætlað að bregðast við þeim?
11. Hvernig er skipulag heimþjónustu og hvernig er hugað að skilvirkni í skipulagi hennar, t.d. þegar ákveðið er hvaða starfsmaður sinnir hvaða skjólstæðingi, með það í huga að draga úr aksturstíma starfsmanna þannig að starfstíminn nýtist sem best í þjónustunni?

12. Hvernig er innra eftirliti með gæðum þjónustu og framfylgd stefnu háttað?

Verkþættir

Verkefnisstjórnun

- Fundir með verkkaupa
- Fundar- og viðtalsboðun og fleira

Viðtöl og rýnihópar

- 4 tímar á viðtal mv. 1 klst.
- 4 tímar á rýnihóp mv. 1 klst.

Gagnaöflun og rýni (rituð gögn)

- Rekstrarupplýsingar
- Rekstrarupplýsingar frá samanburðarsveitarfélögum
- Stofnskjöl
- Stefnuskjöl
- Starfsáætlanir
- Gjaldskrár
- Reglur
- Skýrslur
- Ársskýrslur
- Fyrri úttektir og greiningar
- Starfslýsingar
- Upplýsingar á heimsíðum skóla
- Fundargerðir
 - Stjórn
 - Skólaþjónustu- og velferðarnefnd
 - Deildarfundir (sýnishorn)

Greiningarvinna og ritun greinargerðar

Kynning á afurð verkefnis

Tíma- og kostnaðaráætlun

Tímagjald ráðgjafa er kr. 22.000 án vsk. Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið er 4.466 þ.kr. Allar breytingar á verkefninu sem hafa áhrif á kostnað skulu samþykktar af verkkaupa.

Kostnaðaráætlun	Einingar	Tímar	Tímar	Alls
Verkefnastjórn, samskipti og undirbúningur	1	35	35	770,000
Gagnaöflun og rýni	2	20	40	880,000
Viðtöl/rýnihópar og úrvinnsla	12	4	48	1,056,000
Úrvinnsla og ritun greinargerðar	2	35	70	1,540,000
Kynning niðurstaðna og undirbúningur	2	5	10	220,000
Alls án vsk.			203	4,466,000

Verkkaupi greiðir ferða- og upphaldskostnað ráðgjafa vegna verkefnisins samkvæmt reikningi. Ferðir eru skipulagðar í samráði við tengilið verkkaupa.

Verksali skal gera tengilið verkkaupa viðvart ef útlit er fyrir að breytingar verði á kostnaðarforsendum við vinnslu verkefnisins. Verksali skuldbindur ekki verkkaupa gagnvart þriðja aðila.

Reikningur verður sendur fyrir áföllnum kostnaði við vinnu verkefnisins við lok þess, ekki seinna en **20 apríl 2025**. Verkkaupi greiðir útlagðan kostnað sem af verkinu leiðir, enda hafi samráð verið haft við tengilið verkkaupa áður en stofnað er til kostnaðar.

Tengiliðir

Tengiliður verksala er Gunnar Gíslason, framkvæmdastjóri, netfang: gunnarg@unak.is.

Tengiliður verkkaupa er, Hulda Kristjánsdóttir formaður stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs., netfang: hulda@floahreppur.is.

Trúnaður og meðferð gagna

Verkkaupi skal gæta fyllsta trúnaðar varðandi upplýsingar sem hann fær í tengslum við verkefnið.

Notkunarréttur og fyrirvarar

Afurð verkefnisins er eign verkkaupa. Verkkaupi tekur ákvörðun um dreifingu hennar og birtingu að öllu leyti eða hluta. Vinnuútgáfur verkefnisins sem kunna að fara á milli aðila á vinnslutíma eru ekki til dreifingar eða opinberrar birtingar, umfram það sem skylt er samkvæmt lögum.

Verksali ber ekki ábyrgð á túlkun niðurstaðna eða þeim ákvörðunum sem kunna að vera teknar á grundvelli þeirra. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar kunna að vera á grundvelli verkefnisins liggur hjá þeim aðilum sem þær taka.

Samþykki

18. febrúar 2025

F.h. verksala



Gunnar Gíslason
Forstöðumaður MSHA

F.h. verkkaupa

Hulda Kristjánsdóttir
Formaður stjórnar SVÁ